



LEIÐARVÍSIR

UM VETTIVANGSATHUGANIR



Umgjörð vettvangsathugunar

Vettvangsathuganir styðja við reglubundið eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum og eru framkvæmdar með vísan til 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 1. mgr. 9. gr. sömu laga. Í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur fram að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands skuli fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Í 1. mgr. 9. gr. laganna segir að Fjármálaeftirlitið skuli athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir og getur það í þeim tilgangi gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga um starfsemina á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.

Þessum leiðarvísi er ætlað að upplýsa eftirlitsskylda aðila um framkvæmd vettvangsathugana. Hér er ferlinu lýst frá því að ákvörðun hefur verið tekin um að hefja vettvangsathugun og allt þar til að henni er lokið. Auk þess er hér farið yfir helstu aðferðir

Fjármálaeftirlitið gerir árlega áætlun um eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum. Þar er meðal annars kveðið á um hvaða vettvangsathuganir skuli framkvæmdar á komandi starfsári. Ákvarðanir um vettvangsathuganir byggja á áhrifavægisflokkun og niðurstöðu áhættumats auk þess sem tillit er tekið til áherslna eftirlitsins á hverjum tíma.

Markmið vettvangsathugunar

Markmið með vettvangsathugun er að greina með ítarlegum hætti tiltekna áhættu í starfsemi eftirlitsskylds aðila, leggja mat á innra eftirlitskerfi, viðskiptalíkön og stjórnarhætti hans. Umfang og tímarammi vettvangsathugunar eru skilgreind fyrirfram, en ef aðstæður krefjast getur tímaramminn breyst á meðan á vettvangsathugun stendur. Vettvangsathugun fer almennt fram á starfsstöð eftirlitsskylds aðila.

Markmið með vettvangsathugun getur meðal annars verið að:

- Kanna og greina undirliggjandi áhættuþætti í starfsemi eftirlitsskylds aðila.
- Kanna og meta stjórnarhætti og umgjörð innra eftirlits eftirlitsskylds aðila að teknu tilliti til eðlis starfseminnar og áhættu henni tengdri.
- Meta ferla tengda eftirlitskerfi og áhættustýringu eftirlitsskylds aðila.
- Meta gæði eigna og fjármögnunar eftirlitsskylds aðila.
- Kanna hlítni við lög og reglur.

Vettvangsathuganir eru:

- Áhættumiðaðar: Ákvarðanir um vettvangsathuganir eru byggðar á áhrifavægi eftirlitsskyldra aðila og niðurstöðu áhættumats. Með því er átt við að fjármálaeftirlitið gerir athuganir sem það telur mesta þörf á að teknu tilliti til áhættumats og áhrifa við komandi eftirlitsskylds aðila á markaði.
- Hlutfallslegar: Tekið er mið af stærð, starfsemi og áhættusniði eftirlitsskylds aðila.
- Ágengar: Þróun eftirlitsaðferða hefur í auknum mæli leitt til þess að eftirlitið sé ágengara og að eftirlits starfsmenn beiti sérfræðimati sínu enn frekar en áður og hafi betri skilning á áhættusniði og starfsemi eftirlitsskylds aðila. Vettvangsathuganir gegna lykilhlutverki í þessu sambandi en með þeim öðlast fjármálaeftirlitið dýpri þekkingu á starfsemi eftirlits skyldra aðila.
- Framsýnar: Líta til framtíðar þ.e. greina söguleg gögn til að reyna að sjá fyrir óæskilega þróun.
- Aðgerðamiðaðar: Leiða til þess að eftirlitsskyldur aðili grípi til úrbóta innan tímaramma sem fjármálaeftirlitið setur honum.

Sjálfstæði vettvangsathugana

Vettvangsteymið vinnur sjálfstætt en þó í samvinnu við aðra sérfræðinga eftirlitsins eftir þörfum. Eftir að ákvörðun um vettvangsathugun hefur verið tekin ber verkefnisstjóri vettvangsteymisins ábyrgð á framkvæmd hennar og því að skila skýrslu með niðurstöðum til eftirlitsskylds aðila og annarra sérfræðinga innan fjármálaeftirlitsins.

Vettvangsteymi

Verkefnisstjóri er tengiliður við eftirlitsskyldan aðila vegna vettvangsathugunarinnar. Við upphaf vettvangsathugunar er eftirlitsskyldum aðila tilkynnt um hver sé verkefnisstjóri. Verkefnisstjórar eru alltaf starfsmenn á sviði vettvangsathugana Fjármálaeftirlitsins. Aðrir starfsmenn í teyminu geta, auk starfsmanna vettvangsathugana, verið ábyrgðarmaður viðkomandi eftirlitsskylds aðila innan Fjármálaeftirlitsins eða aðrir sérfræðingar Fjármálaeftirlitsins. Auk þess getur Fjármálaeftirlitið ráðið utanaðkomandi aðila til að taka þátt í vettvangsathugun. Eftirlitsskyldur aðili er upplýstur um það ef breyting verður á skipun verkefnisstjóra.

Ferli vettvangsathugana



Undirbúningsfasi

Fyrsta skrefið í undirbúningsfasanum er að skipa verkefnisstjóra athugunarinnar.

Fjármálaeftirlitið tilkynnir eftirlitsskyldum aðila með bréfi til framkvæmdastjóra að ákveðið hafi verið að hefja vettvangsathugun. Bréfið er sent að minnsta kosti fimm virkum dögum áður en upphafsfundurinn er haldinn þó almennt sé gefinn lengri fyrirvari. Við ákveðnar kringum stæðum getur fjármálaeftirlitið framkvæmt vettvangsathugun fyrirvararlaust.

Í bréfi til eftirlitsskylds aðila kemur eftirfarandi fram:

- Markmið og umfang athugunarinnar.
- Lög og reglur sem vettvangsathugunin byggir á.
- Nafn verkefnisstjóra og annarra starfsmanna vettvangsteymis.
- Beiðni um tengilið vegna vettvangsathugunarinnar.
- Tilgreind er sú aðstaða og aðbúnaður sem nauðsynlegur er við framkvæmd vettvangsathugunarinnar, s.s. skrifstofuaðstaða og aðgangur að upplýsingatækni kerfum.
- Beiðni um gögn, ef við á

Rannsóknarfasi

Upphafsfundur

Þegar fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt eftirlitsskyldum aðila um fyrirhugaða vettvangsathugun, og hann tilkynnt um sinn tengilið, boðar verkefnisstjóri til upphafsfundar. Upphafsfundurinn er fyrsti formlegi fundur eftirlitsskylds aðila og vettvangsteymisins. Verkefnisstjóri skipuleggur og stýrir fundinum sem fram fer á starfsstöð eftirlitsskylds aðila, í fyrsta lagi fimm dögum eftir að tilkynnt hefur verið um athugunina. Almennt fara allir þeir fundir sem haldnir eru á meðan vettvangsathugun stendur yfir fram á starfsstöð eftirlitsskylds aðila. Á fundinum kynnir verkefnisstjórinn vettvangsteymið, hvert markmið og umfang vettvangsathugunarinnar sé og greinir frá tíma áætlun vettvangsathugunarinnar.

Framkvæmd vettvangsathugunarinnar

Eftir upphafsfundinn hefst vettvangsathugunin á starfsstöð eftirlitsskylds aðila. Vettvangsteymið getur notað fjölbreyttar aðferðir við vettvangsathugunina, svo sem:

- **Athugun, greiningu og staðfestingu á upplýsingum:** Þessari aðferð er ætlað að sannreyna upplýsingar sem eftirlitsskyldur aðili hefur skilað til fjármálaeftirlitsins og skoða ferlið við upplýsingagjöfina. Mikilvægt er að vettvangsteymið fái aðgang að öllum umbeðnum gögnum og viðeigandi upplýsingakerfi hjá eftirlits skyldum aðila.
- **Viðtöl:** Með því að taka viðtöl við starfsfólk eftirlits skyldra aðila safnar vettvangsteymið upplýsingum um þá þætti sem athugunin beinist að.
- **Skref fyrir skref:** Þessari aðferð er ætlað að tryggja að framkvæmd sé í samræmi við skráð verklag. Það er til dæmis gert með því að fara yfir hvern verkþátt og kanna hvort hann sé framkvæmdur eins og verklags reglan tilgreinir.
- **Úrtaksaðferð:** Úrtök eru tekin m.a. til að sannreyna niðurstöður skoðunar og meta gæði innra eftirlits hjá eftirlitsskyldum aðila. Enn fremur er úrtaksaðferð mikilvægt tæki til að greina vandamál og áhættu í starfseminni og getur einnig varpað ljósi á alvarleika þeirra.
- **Staðfestingu á gæðum gagna:** Nákvæmni og samræmi töluþega upplýsinga eftirlitsskylds aðila er stað reynt með endurútreikningum.

Rannsóknarfasi fer almennt fram á starfsstöð eftirlitsskylds aðila.

Skýrslufasi

Frumniðurstöður vettvangsathugunar eru kynntar í drögum að skýrslu, þar sem vettvangsteymið dregur ályktanir út frá gögnum, upplýsingum og viðtölum. Í drögum eru tilgreindir þeir annmarkar sem vettvangsteyminu virðast vera á þeim þáttum sem voru til skoðunar og ábendingum komið á framfæri.

Annmarkar eru tilteknir þar sem tilvik standast ekki kröfur sem settar eru fram í lögum og/eða reglum. Ábendingar eru settar fram í tilvikum þar sem framan greindar aðstæður eiga ekki við en fjármálaeftirlitið telur engu að síður æskilegt að eftirlitsskyldur aðili taki atriði til frekari skoðunar og eftir atvikum bæti úr. Ábendingar byggja oft á samanburði við bestu framkvæmd.

Verkefnisstjóri sendir skýrsludrög til eftirlitsskylds aðila. Eftirlitsskyldur aðili hefur nokkra daga til þess að kynna sér drög að niðurstöðu vettvangsathugunarinnar. Að þeim tíma liðnum boðar verkefnisstjóri til fundar, þar sem efni skýrslunnar er kynnt. Fundinum er stjórnað af

verkefnisstjóra vettvangsathugunarinnar og er eftirlitssérfræðingi sem jafnframt er tengiliður við eftirlitsskylda aðilann innan fjármálaeftirlitsins boðið að vera viðstaddur ásamt öðrum sérfræðingum fjármálaeftirlitsins ef tilefni er til. Markmið fundarins er að stuðla að því að skilningur beggja aðila á niðurstöðunum sé hinn sami og koma í veg fyrir að niðurstöður skýrslunnar byggist á röngum upplýsingum.

Eftirlitsskyldur aðili hefur a.m.k. tvær vikur, eftir að skýrsludrögin berast honum, til þess að koma sjónarmiðum sínum varðandi innihald skýrslunnar á framfæri.¹ Ætlast er til að eftirlitsskyldur aðili beini athyglinni við þá yfirferð að samantekt og helstu niðurstöðum athugunarinnar og ennfremur að við gerð athugasemda sé notað þriggja dálka form sem fylgir drögum að skýrslunni. Í fyrsta dálk skal færa þann texta eða þann annmarka sem tilgreindur er í skýrslunni og aðili vill gera athugasemd við og í annan dálkinn skal setja sjónarmið aðila.

Verkefnisstjóri ber ábyrgð á að ljúka skýrslunni og fer yfir skrifleg sjónarmið eftirlitsskylda aðilans.

Verkefnisstjóri gerir grein fyrir afstöðu teymisins til sjónarmiða eftirlitsskylda aðilans í þriðja dálkinn í sniðmátinu. Í þeim tilvikum sem tillit er tekið til sjónarmiða eftirlitsskylda aðilans er skýrslunni breytt til samræmis.

Úrbótafasi

Séu annmarkar tilgreindir á starfsemi eftirlitsskylds aðila í skýrslu vettvangsathugana tekur fjármálaeftirlitið eftir atvikum bindandi ákvörðun gagnvart aðila, setur fram úrbótakröfur og tilkynnir um ákvörðunina með formlegum hætti.² Bréf með úrbótakröfum vegna annmarka fylgja að jafnaði með lokaskýrslu vettvangsathugana til eftirlitsskyldra aðila.

Frestur til úrbóta tekur mið af eðli þeirra úrbótakrafna sem um ræðir. Fjármálaeftirlitið getur farið fram á að innri endurskoðandi eða óháður aðili geri úttekt á því hvort eftirlitsskyldur aðili hafi að fullu orðið við kröfum eftirlitsins um úrbætur innan þess tímaramma sem var settur.

Úrbótum er fylgt eftir af viðeigandi sérfræðingi innan fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið getur lagt dagsektir á eftirlitsskyldan aðila til að knýja á um úrbætur hafi vægari úrræði ekki borið árangur.

Birting gagnsæistilkynningar vegna niðurstöðu athugunarinnar er í samræmi við gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins, sjá hér á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

1. 13. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993.

2. 20. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993 og 1. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Aðgangur að starfsstöð og upplýsingum

Fjármálaeftirlitið og eftirlitsskyldir aðilar hafa sameiginlega hagsmuni af því að vettvangsathuganir séu faglegar og skilvirkar. Til að svo geti orðið er nauðsynlegt að samskipti milli aðila séu opin og heiðarleg og að aðgengi vettvangsteymis að nauðsynlegum upplýsingum og gögnum sé tryggt.

Í því skyni að framkvæma vettvangsathugun hefur vettvangsteymið rétt til aðgangs að þeirri starfsstöð eftirlitsskylds aðila sem athugunin beinist að.¹

Aðgangur að upplýsingum og gögnum

Vettvangsteymi á auk þess rétt á aðgangi að þeim upplýsingum og gögnum sem það telur nauðsynleg í tengslum við vettvangsathuganir.² Heimildir fjármálaeftirlitsins til aðgangs að upplýsingum og gögnum eru víðtækar en þagnarskylduákvæði laga á fjármálamarkaði girða ekki fyrir veitingu upplýsinga til stofnunarinnar. Starfsmenn vettvangsteymis eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir komast að í vettvangsathugun og mega ekki, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara, þar með talið um viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt.³

Í heimildum Fjármálaeftirlitsins til aðgangs að upplýsingum felst meðal annars réttur til að:

- Fara fram á upplýsingar, útskýringar og rökstuðning.
- Fá afhent hvers konar gögn tengd starfsemi eftirlitsskylds aðila, til dæmis bókhald, fundargerðir, samninga, skjöl, skrár, yfirlýsingar og önnur gögn.
- Taka afrit af eða útdrátt úr framangreindum gögnum ef þau eru ekki afhent rafrænt.
- Staðreyna gögn með lesaðgangi að tölvukerfum, gagnagrunnum, rafrænum skráum og gögnum sem notuð eru af eftirlitsskyldum aðila.

Viðtöl

Vettvangsteymið tekur viðtöl við starfsmenn eftirlitsskylds aðila í því skyni að fá upplýsingar og gögn í tengslum við vettvangsathugunina.⁴ Viðtölin geta verið tekin við stjórnendur jafnt sem sérfræðinga.

Vettvangsteymið getur auk þess tekið viðtöl við aðila sem sinna tilteknum verkefnum fyrir eftirlitsskyldan aðila á grundvelli útivistunarsamnings s.s. verkefni á borð við innri endurskoðun og rekstur upplýsingakerfa.

Vinnuaðstaða vettvangsteymis

Til að vettvangsathugun gangi greiðlega er mikilvægt að eftirlitsskyldur aðili tryggi vettvangsteyminu aðgang að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum, auk aðgangs að starfsmönnum sem veitt geta nauðsynlegar upplýsingar. Lítur fjármálaeftirlitið svo á að í heimild eftirlitsins til vettvangsathugana felist heimild til kröfu um góða vinnuaðstöðu eftirlitsstarfsmanna á starfsstöð eftirlitsskylds aðila á meðan athugun stendur yfir. Með því móti er enda skapað umhverfi sem er til þess fallið að athugun gangi sem best fyrir sig, báðum aðilum til hagsbóta.

1. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

2. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

3. 13. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

4. 1. og 3. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.



1. Útgáfa - desember 2018
2. Útgáfa - apríl 2021
3. Útgáfa - september 2023